Furðuheimar Margrétar

Blár kollur á enda dregils í sama lit. Við hinn endann, nokkrum metrum fjær, forsvið af leiksviði úr furðuheimum, á bak við það sjálf leikmyndin, málverk af konuandliti, manni og fleiru.

Þessi sýn er sú fyrsta sem blasir við gestum á sýningu Margrétar Elíasdóttur að Kjarvalsstöðum. Hún hefur lagt undir sig allan vestursalinn í húsinu og sýnir þar 56 verk.

Myndlist

Þorgeir Ólafsson

Í sýningarskrá kemur fram að hún lauk námi frá keramikdeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1971 og stundaði síðan tveggja ára nám við hönnunardeild í keramik og gleri í Konstfackskolan í Stokkhólmi. Á fyrstu sýningum sínum sýndi hún verk úr gleri og leir, síðar bættust textílverk við. Síðustu níu árin hefur Margrét búið erlendis, flakkað um heiminn „í leit að sjálfri sér" eins og segir í sýningarskrá og starfað við hönnun og listakennslu.


Léreft

Verkin á sýningunni eru gerð á síðustu tveimur árum en þann tíma hefur Margrét getað helgað sig eingöngu því að mála. Hún hefur þróað með sér sérstaka tækni og málar á léreft en ekki striga eins og við eigum að venjast. Hvort tveggja gefur myndunum óvenjulegt yfirbragð. Margrét notar mikið heita og sterka liti en þeir eru ekki safaríkir eins og stundum þegar borið er þykkt á með olíulitum heldur frekar skerandi en mjúkir. Undantekningar frá þessum eru að sjáfsögðu margar og má í því sambandi benda á myndaseríurnar sem eru eins konar fantasíur úr rómverskri höll frá fyrri tímum, skornar niður í langa strimla sem hanga niður úr loftinu í mismunandi fjarlægð frá veggnum.

Furðuheimar

Myndheimur Margrétar kemur mér fyrir sjónir sem fantasíuveröld með raunverulegu fólki. Einhverra hluta vegna dragast augu áhorfenda að augum fígúranna í verkunum og mér finnst augu þeirra oft á tíðum mjög lifandi. Engu að síður hrærast þær í umhverfi sem er framandi okkur og fullt af torræðum táknum. Eitthvað hefur þá Margrét verið að glugga í austurlenska dulspeki gæti ég trúað því ýmis tákn í myndunum benda til þess. Í myndinni Samuel Becket I gefur að líta pýramída í fjarska og frá honum lína að Becket.

Sú mynd ásamt hinum tveimur sem báru nafn rithöfundarins fræga þóttu mér góðar þótt þær skæru sig úr sýningunni hvað efni og úrvinnslu varðar.



Margrét Elíasdóttir: Leikandi áhorfandi.

Reyfari haustsins

P.D. James: Ekki kvenmannsverk
Mál og menning, kiljuklúbbur, 1987, 279 bls.

Líklega eru allir reyfarar úr tveimur þráðum gjörvir; veruleika lesenda og hugarórum. Fyrir aldarfjórðungi gerðu Umberto Eco og fleiri Ítalir úttekt á bókunum um James Bond, og komust m.a. að þeirri merkilegu niðurstöðu, að mikill hluti textans, mig minnir rúmur helmingur, væri upptalning á fötum Bond, mat og drykk, sem hann léti í sig, og öðrum vörumerkjum. Skýringin var sú að þetta var sambandið við lesendur, sá heimur sem þeir þekktu – að vísu aðallega úr auglýsingum of dýrs varnings. En fyrst þetta var þarna þá gátu þeir tekið hið ævintýralegra trúanlegt. Það var reyndar kunnuglegt líka úr fréttum blaða af njósnum, fína fólkinu o.fl. af því tagi en fjarlægara. Nú fengu menn inngöngu í þennan heim.

Söguhetjan er yfirleitt einhverskonar eftirmynd lesenda. Já, líka Bond, í rauninni er hann skrifstofumaður sem vinnur frá níu til sex! En þar að auki koma ævintýraleg ferðalög og hann er „licensed to kill" – má drepa, enda við tóm úrþvætti að eiga. Og hann berst jafnan einn gegn ofureflinu, nema hvað konur ráða ekki við sig, vilja allar allt fyrir hann gera. Það er von að þessi dagdraumafarkostur hafi orðið vinsæll.

Í **Ekki kvenmannsverk** er söguhetjan ósköp venjuleg stúlka sem sigrast á hverri þraut með seiglunni og sjálfstæðinu. En ég á von á því að karlmenn lesi af jafnmikilli ánægju og kvenlesendur.

Höfundur bókarinnar er kunnur af bókum um Dalgliesh lögregluforingja og hafa a.m.k. tvær birst sem afar hæggengir framhaldsþættir í íslenska sjónvarpinu. En nú fer hún inn á nýjar brautir og sýnir kvennasamstöðu – m.a. í því að leynilöggan er rúmlega tvítug stúlka. Hún er alin upp af bóhemskum föður af '68-kynslóðinni en sjálf er hún frekar íhaldssöm. Hún fékk vinnu hjá einkaspæjara en hann átti ekki allt af fyrir kaupinu hennar og klóraði sig út úr því með því að gera hana meðeiganda. Hún erfir því fyrirtækið þegar hann fremur sjálfsmorð vegna krabba. Þetta er raunar ekkert nema niðurdröbbuð vesöld en þá kemur óvænt verkefni. Stúlkan á að rannsaka hví í ósköpunum efnilegur ungur maður hætti fyrst námi í Cambridge til að gerast garðyrkjumaður en framdi skömmu síðar sjálfsmorð. Með þessu spennandi verkefni berst hversdagsleg söguhetjan – og við – á annarlegar slóðir, inn í heim eðlisfræðisnillinga en síðan í eins konar fornleifagröft í endurminningum aldraðs ensks sveitafólks.

Sviðið

Þessi samþætting tveggja þráða gerir reyfurum kleift að ná verulegum áhrifum, jafnvel geta orðið góð bókmenntaverk úr þessu. Vissulega verður það sjaldnast, því samkeppnin er afar hörð og forlögin setja þá höfunda helsta á sem sýnt hafa kunnáttu í því einu að setja saman þrautprófaðar klisjur. Það væri frekar að höfundar, sem þegar eru að öðru kunnir, geti leyft sér frumleika í reyfurum.

Bókmenntir

Örn Ólafsson

En svo við víkjum að sumum þeim bestu þá er heimur lesenda hjá t.d. Dorothy Sayers þannig að mest ber á hversdagslegum enskum sveitaþorpum en undir því kunnuglega yfirborði opnast hyldýpi þess tilfinningalífs sem velsæmið býður þessu fólki að dylja. Það er líkt og hér. Hjá öðrum snillingi, Raymond Chandler, er yfirborðið borgir Kaliforníu, einkum ömurleg fátækrahverfi, en heimur fantasíunnar opnast þegar komið er inn til ríka fólksins, þessar stéttaandstæður eru yfirleitt hreyfiafl sagnanna. Hjá lærisveini hans, Ross MacDonald, fer meira fyrir ríka fólkinu, enda er það orðið allri heimsbyggðinni kunnuglegt í gegnum kvikmyndir og sjónvarp. Veruleikamyndin fylgir oft vel tískunni og róttækir höfundar hafa oft hrifist af þeim möguleika sem reyfarar bjóða upp á að tengja afhjúpun veruleikans við fantasíu um hvernig hann gæti orðið.

Í **Ekki kvenmannsverk** er hversdagsyfirborðið ömurleg skrifstofa í Lundúnum en andstæðan er sveitin. Höfundur leggur rækt við lýsingar alls þessa, það verður nokkuð lifandi fyrir lesendum. Það er vel, einnig spennusögur krefjast þess að dvalist sé við sum atriði og jafnvel þau sem ekki hafa þýðingu í atburðarásinni. En þar skilur milli feigs og ófeigs að hér virðast þessi atriði næsta óháð hvort öðru. T.d. hafa veisluhöld stúdenta í Cambridge enga þýðingu fyrir bókina, varpa engu ljósi á annað í henni. Sama er að segja um aldrað sveitafólkið sem vel er lýst. Hjá Chandler eru öll atriði samþætt í söguheildina, jafnvel þótt á óbeinan hátt sé. Þau sviðsetja þá að minnsta kosti þjóðfélagsaðstæður og hugarheim fólks sem grípur inn í atburðarásina og einkum eru þau samvirk í að skapa hugblæ sögunnar, andrúmsloft. Því er það að þótt ríkur þáttur í sögum þessara meistara sé hugarórar þá eru þær sannfærandi. Raunar virðast þeir leggja sig fram um að láta sjálfa fléttuna standast, þó svo að villt sé um fyrir lesendum á ýmsa lund svo að þeim komi á óvart hver morðinginn er. En einnig hér veldur P.D. James vonbrigðum, skýring atburðanna er í stuttu máli sagt fáránleg. Ég get ekki farið út í þá sálma án þess að skemma spennuna fyrir væntanlegum lesendum en þetta gildir nánast um allt sem máli skiptir. Hvernig leynilögreglumaðurinn bjargast úr yfirvofandi háska, hvers vegna var leitað til hans, hvers vegna morðið þurfti að framja o.s.frv. Í sígildum bandarískum reyfurum, frá Chandler og síðan, ólgar lífið allt inn í tilsvörin – hinn fræga kaldranalega kjafthátt, útúrsnúning og fyndni sem bregður skörpu ljósi á skapgerð persónanna, stéttarstöðu og átök sín í milli. Slíku er hér ekki að heilsa.

Þýðing Álfheiðar Kjartansdóttur er á lipurri íslensku og ólíkt betri en á næsta reyfara MM á undan, **Morð fyrir fullu húsi** eftir Ngaio Marsh. Kiljuklýbbur MM mun hafa tilbúna þýðingu sjálfs Guðbergs Bergssonar á helsta verki Chandler's og er það mikið tilhlökkunarefni. Vonandi er að klúbburinn vandi framvegis bókavalið einnig á þessu sviði betur en núna. Reyfarar eru mjög vinsæl lesning og hafa því meiri áhrif sem þeir eru betri bókmenntaverk og betur íslenskaðir.